Sannprófun úrbótaverkefna

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Vöktun úrbótaverkefna	Tölvupóstur	1. Gæðastjóri vaktar framgang úrbótaverkefna og tilkynnir ábyrgðaraðila úrbótaverkefnis með tölvupósti hafi honum ekki borist tilkynning innan tilgreinds frests um, að úrbótum hafi verið hrundið í framkvæmd.
2. Sannprófun		2. Gæðastjóri sannprófar að úrbótaverkefni hafi verið framkvæmt eftir að honum hefur borist tilkynning um að þeim hafi verið hrundið í framkvæmd. Hann sækir útfyllt eyðublað um úrbótaverkefni í málakerfi undir viðkomandi máli, kallar eftir nauðsynlegum gögnum og tekur viðtöl við viðeigandi aðila eftir þörfum. Til sannprófunar í tilviki úrbótaverkefna í kjölfar innri úttektar skipar úttektaaðili úttektarmann/úttektarmenn til að framkvæma eftirfylgniúttekt eða fylgir málum eftir sjálfur. Slíka eftirfylgniúttekt má einnig framkvæma í næstu reglubundinni úttekt hjá úttektarþega sem úttektarhópur þá skipaður sér um. Fara skal eftir VLY-014 og VLY-018 um undirbúning og framkvæmd slíkra úttekta. Skoðun á stöðu úrbótaverkefna vegna innri úttekta er einnig liður í árlegu rýni stjórnenda í Gæðaráði. Úrbætur sem ekki hafa verið framkvæmdar fara þá jafnframt á aðgerðalista rýnihóps ef tilefni er talið til aukinnar eftirfylgni.
3. Staðfesting úrbótaverkefni	Málakerfi/Excel-skjal	3. Þegar staðfest hefur verið með sannprófun að úrbótaverkefni hefur verið framkvæmt skal úttektaaðili lýsa í hverju sannprófunin fólst í 13. lið eyðublaðs umúrbótaverkefnið og staðfesta með rafrænni/skannaðri undirritun sinni í 14. lið eyðublaðsins. Hann færir viðeigandi merkingu við úrbótaverkefnið í excel-skjali [SKRA-136].
Endir		